



Strand

Mál nr.: **2025-014-S-007 Ólafur GK 133**

Dagsetning: **20. mars 2025**

Staðsetning: **Fyrir utan Suðureyrahöfn**

Atvik: **Strandar**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 20. mars var báturinn Ólafur á leið út frá höfninni á Suðureyri. Honum hafði verið siglt stutta stund þegar hann strandaði við Hólmann austan við höfnina. Veður 3 m/s lítilsháttar úrkoma ölduhæð 0,5 metrar.

1. Helstu staðreyndir

Ólafur GK 133

Skipaskrár nr. 7336

Útgerð: Grindjáni ehf.

Smíðaður: Bátasmiðja Guðmundar 1992

Stærð: 6 BT

Mesta lengd: 9,09 m

Breidd: 2,57 m


Vél: CUMMINS, 187 kW, árgerð 1997

Fjöldi skipverja: 1



2. Atvikalýsing

Fram kom hjá skipstjóra að hann var nýbúinn að taka við bátnum en var búinn að fá kennslu á hann. Hugðist hann sigla til Patreksfjarðar og var báturinn á hægri ferð u.þ.b. 1,5 hnútum þegar hann sigldi út um hafnarmynnið. Skipstjóri bátsins, sem hafði aldrei siglt áður frá Súðavíkurhöfn, beygði fyrir mistök í rangt borð og beygði í stjórnborða til austurs eins og mynd 1 sýnir þar til hann lenti á grynningum og missti skrúfu og stýri auk þess sem skemmdir komu á bátinn (mynd 2). Vélarrýmið fylltist af sjó og var þyrta Landhelgisgæslunnar kölluð út en afturkölluð þegar ljóst var að lensidælur höfðu undan og lítil hætta var á ferðum. Björgunarbáturinn Björg frá Suðureyri kom fyrst að bátnum og dró hann til hafnar. Björgunarskipið Stella frá Flateyri hafði verið sent á vettvang en var afturkallað þegar ljóst var að hætta væri liðin hjá.



Hólminn austan við
Suðureyri

Mynd 1. Strandstaður.



Mynd 2. Skemmdir á Ólafi.

3. Greining og niðurstöður

Skipstjóri bátsins var vel hvíldur þegar hann lagði af stað og hafði öll réttindi til að sigla skipum. Hann var hins vegar ekki búinn að kynna sér aðstæður. Ástæða þess að Ólafur GK 133 strandaði má rekja til ókunnugleika og mannlegra mistaka.

4. Mikilvægar ábendingar

RNSA hvetur skipstjórnarmenn til að gera siglingaráætlun áður en lagt er af stað úr höfn einkum þegar siglt er úr höfn sem þeir eru lítt kunnugir.

Skýrsluna samþykktu til útgáfu:

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Pálmi Jónsson

Jón Finnbjörnsson

Kópavogi 12. febrúar 2026

F.h. Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Jón Pétursson rannsóknarstjóri siglingasviðs.

